

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 342/2023

frá 8. desember 2023

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1148 frá 31. júlí 2020 um aðferðafræðilegar- og tækniforskriftir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 að því er varðar samræmda vísitölu neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis ⁽¹⁾.
- 2) Í ljósi þeirra fjármuna sem þarf til að innleiða reglugerð (ESB) 2020/1148 í tiltekið skattkerfi á Íslandi og takmörkuð áhrif á sambærileika við samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli (HICP-CT) sem önnur lönd hafa gefið út samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/792, þykir rétt að veita Íslandi undanþágu frá 21. gr. 2. kafla reglugerðar (ESB) 2020/1148. Þetta gerir Íslandi kleift að beita einfaldaðri aðferð til að taka saman samræmda vísitölu neysluverðs með föstu skattahlutfalli (HICP-CT) og því að uppfylla skýrslugjafarkröfur reglugerðar (ESB) 2016/792.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1148 fellur úr gildi reglugerðir (EB) nr. 1749/96 ⁽²⁾, (EB) nr. 2214/96 ⁽³⁾, (EB) nr. 1687/98 ⁽⁴⁾, (EB) nr. 2646/98 ⁽⁵⁾, (EB) nr. 1617/1999 ⁽⁶⁾, (EB) nr. 2166/1999 ⁽⁷⁾, (EB) nr. 2601/2000 ⁽⁸⁾, (EB) nr. 2602/2000 ⁽⁹⁾, (EB) nr. 1920/2001 ⁽¹⁰⁾, (EB) nr. 1921/2001 ⁽¹¹⁾, (EB) nr. 1708/2005 ⁽¹²⁾, (EB) nr. 701/2006 ⁽¹³⁾, (EB) nr. 330/2009 ⁽¹⁴⁾,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 252, 4.8.2020, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 214, 31.7.1998, bls. 12.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 335, 10.12.1998, bls. 30.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 192, 24.7.1999, bls. 9.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 266, 14.10.1999, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 300, 29.11.2000, bls. 14.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 300, 29.11.2000, bls. 16.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 46.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 3.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 6.

(ESB) nr. 1114/2010 ⁽¹⁵⁾ og (ESB) nr. 93/2013 ⁽¹⁶⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum.

4) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 19ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2013):

„**32020 R 1148**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1148 frá 31. júlí 2020 um aðferðafræðilegar- og tækniforskriftir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 að því er varðar samræmda vísitölu neysliverðs og verðvísitölu húsnæðis (Stjtíð. ESB L 252, 4.8.2020, bls. 12).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 21. gr. 2. kafla gilda ekki um Ísland.“

2. Texti liða 19bb, 19c, 19f, 19g, 19h, 19i, 19k, 19l, 19m, 19n, 19v, 19w og 19wa fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1148, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

⁽¹⁵⁾ Stjtíð. ESB L 316, 2.12.2010, bls. 4.

⁽¹⁶⁾ Stjtíð. ESB L 33, 2.2.2013, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING